

Nd.

235. Frumvarp til laga

[130. mál]

um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Gera skal spjaldskrá yfir alla Íslendinga, er náð hafa 15 ára aldri og vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands, er hefst 16. okt. 1952. Sama gildir um fólk af íslenskum eða útlendum uppruna, ef það hefur öðlzt íslenskan ríkisborgararétt á þessu tímabili.

Spjaldskrá þessi skal vera í tvíriti og varðveitt á þjóðskjalasafninu. Þessi ákvæði taka einnig til spjaldskrár afrita þeirra, er um ræðir í 5. gr.

2. gr.

Hvern mann, karl og konu, skal skrá á sérstakt spjald með fullu nafni og föðurnafni.

Á spjald hvers einstaklings skal enn fremur færa, ef unnt er og eftir því sem heimildir segja til um, fæðingardag hans og ár, sömuleiðis dánardag hans og dánarár, nöfn foreldra hans og upplýsingar um þá, svo að ekki verði um villzt, hverjir þeir voru. Þá skal skrá nafn og föðurnafn maka og giftingardag ásamt hliðstæðum upplýsingum um hann og áður eru taldar. Sama gildir um barnsmóður eða barnsföður, ef um ógiftar persónur er að ræða.

Á spjaldið skal enn fremur færa börn hlutaðeigandi spjaldhafa ásamt fæðingardegi þeirra og ári og nafni barnsmóður eða barnsföður, ef um konu er að ræða.

Gera skal í örfáum orðum grein fyrir hverju barni, ef unnt er, hvað um það verður, til aðgreiningar og auðkennis frá öðrum samnefndum.

Við ævilok skal færa á spjald hvers einstaklings helztu æviatriði hans, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar mann til að veita skrásetningunni forstöðu. Skal hann hafa lagt stund á íslenska ættfræði og mannfræði og sýnt hæfni sína á því sviði. Hann telst með starfsmönnum þjóðskjalasafnsins og nefnist skrásetjari þjóðskjalasafnsins.

4. gr.

Skrásetjari skal annast um samningu spjaldskrár samkvæmt fyrirmælum laga þessara og reglugerðar, er síðar verður sett. Hann skal vinna að því að fá áhugamenn um þessi málefni til liðs við sig, þannig að þeir taki að sér skrásetningu í einstökum héruðum eða byggðarlögum samkvæmt fyrirögn hans; sömuleiðis leita til féлага, er að þessu vilja vinna, svo sem söguféлага og átthagaféлага. Skal hann koma skipan á skrásetningu þessara aðila, svo að sem mest not verði að starfi þeirra. Jafnframt er honum skylt að leiðbeina þessum samstarfsmönnum sínum og veita þeim upplýsingar, er lúta að skrásetningarstarfi þeirra, eftir því sem þörf krefur og ástæður hans leyfa.

5. gr.

Við lok hvers árs lætur Hagstofa Íslands skrásetjara þjóðskjalasafnsins í té skrá yfir þá, er andazt hafa á undangengnu ári, 15 ára og eldri. Hagstofan skal enn fremur veita skrásetjara afrit gagna, er hún hefur varðandi látna menn á því ári, eftir því sem föng eru á og skrásetjari þarfnast til upplýsinga úr þeim gögnum, sem hagstofan hefur að geyma.

Að fegnum þessum heimildum færir skrásetjari hvern einstakling á sérstakt spjald, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., ásamt nokkru ýtarlegri upplýsingum, ef kostur er, um ævistörf hans en gögn hagstofunnar greina frá.

6. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins og opinberra stofnana að láta skrásetjara þjóðskjalasafnsins í té upplýsingar úr bókum embættisins, eða stofnunarinnar, sem hann vanhagar um og þarf að nota við færslu spjaldskrárinnar.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum, 100—3000 krónum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar fé er veitt á fjárlögum til að launa skrásetjarann.

Greinargerð.

Ættfræði og mannfræði eru þær fræðigreinar, sem Íslendingar hafa löngum lagt stund á. Þær voru samgrónar forfeðrum vorum, er þeir námu hér land. Þessum fræðisviðkunum þeirra eigum vér það að þakka, að vér vitum nokkur skil á fjölda manna, er byggt hafa þetta land á liðnum öldum. Og enn í dag verða raktar ættir mjög margra Íslendinga, sem nú eru uppi og úr öllum stéttum þjóðfélagsins til manna, sem uppi voru á 9. öld. Þetta er, að ég ætla, einsdæmi hjá þeim þjóðum, sem nú eru uppi.

Í öðrum löndum eru það fornar aðalsættir og stórhöfðingja, sem hægt er að rekja með nokkurri vissu aftur í miðaldir, en fáar þó lengra en aftur á 11. og 12. öld, en um ættir annarra manna vita menn yfirleitt næsta litið.

Hér verður ekki rætt um gildi ættfræði og mannfræði og ekki heldur um þá ánægju og dægradvöl, sem þessi fræði hafa veitt fjölda manna hér á landi fyrr og síðar. Aðeins skal á það bent, að vér Íslendingar höfum betri aðstöðu til að vinna afrek á þessu sviði en flestar aðrar þjóðir. Fámenni vor Íslendinga ásamt allmiklum ættfræði- og mannfræðiheimildum gera oss kleift að gera spjaldskrá yfir fjölda Íslendinga frá upphafi Íslandsbyggðar með tiltölulega litlum kostnaði, sem mundi dreifast á mörg ár. Þessi spjaldskrá yrði líklega einstök í sinni röð, af því að hún mundi taka til hlutfallslega miklu fleiri manna en hjá fjölmennari þjóðum og ná jafnframt alla leið til sjálfra landnámsmannanna. Mun það vera fágætt eða einstakt hjá þjóð, sem byggt hefur land sitt í meira en eitt þúsund ár. Auk þessa ætti það að vera oss Íslendingum, sem erum taldir þjóða ættfróðastir, metnaðarmál að hlynna betur en gert hefur verið hingað til að hinum fornu og þjóðlegu fræðigreinum vorum, íslenzkri ættfræði og mannfræði. Það verður tæplega á annan veg betur gert en með því að koma upp spjaldskrá þeirri, er frv. ræðir um. Loks verður að hafa í huga, að Hagstofa Íslands hefur þegar komið á fót sérstakri deild innan hagstofunnar, sem hefur gert spjaldskrá yfir alla Íslendinga, er uppi voru 16. okt. 1952. Þeir, sem síðan hafa fæðzt eða fæðast hér eftir, fá einnig hver sitt spjald eða seðla, þar sem á verða skráð helztu atriðin úr lífi þeirra frá vöggu til grafar.

Augljóst er, að næsta skrefið hlýtur að verða að tengja spjaldskrá hagstofunnar við fortíðina með spjaldskrá þeirri, er frv. fjallar um. Á spjaldskrárblöðum hagstofunnar er þó sá galli, að þau eru mjög óaðgengileg og því varla nothæf fyrir almenning. Þess vegna er í 5. gr. gert ráð fyrir, að skrásetjari fái afrit af spjaldskrárblöðum þeirra, sem andast ár hvert, til afnota fyrir þjóðskjalasafnið og skrásetjara. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun, til þess að þær upplýsingar, sem hagstofan safnar, verði aðgengilegar öðrum en örfáum fræðimönnum.

Gera verður ráð fyrir, að unnið verði þannig að spjaldskrá þjóðskjalasafnsins, að byrjað verði á þeim, sem látizt hafa á síðari árum fyrir 16. okt. 1952, og smá þokazt svo aftur eftir árum og öldum. Þetta er mikið verk, og gera verður ráð fyrir, að það taki langan tíma að ljúka því.

Gizkað hefur verið á, að Íslendingar, sem eitthvað er kunnugt um og þyrfti að skrásetja, séu alls um 2 milljónir. Þetta er að vísu há tala, en þó eru þetta færri menn en sumar þjóðir verða árlega að skrásetja hjá sér. Til samanburðar má og geta þess, að talið er, að Þjóðverjar, sem skrásettir voru ættfræðilega á dögum Hitlers, hafi verið um 200 milljónir.

Í frv. er að því stefnt að koma þessu í framkvæmd án tilfinnanlegs árlegs kostnaðar fyrir ríkissjóð. Ótull og áhugasamur skrásetjari með duglegri vélritunarstúlku og með aðstoð áhugamanna víðs vegar um land mundi afkasta miklu verki, þegar góð skipan væri komin á vinnubrögðin. Þeim, sem horfa í kostnaðinn við þetta verk, má benda til samanburðar á þær fjárupphæðir á 15. gr. fjárlaganna, sem árlega er varið til styrktar ýmsum málefnum, sem oss eru fjarstæðari og ber minni skylda til að hlynna að en þessum forna og þjóðlega menningararfi vor Íslendinga, svo að ekki sé meira sagt.

Tillaga hefur komið fram um það, að þeir, sem að skrásetningunni ynnu, söfnuðu jafnframt ljósmyndum og létu taka upp raddir manna á hljómplötur. Forstöðumenn þjóðminjasafnsins hafa í mörg undanfarin ár hlutazt til um myndasöfnun handa safninu og annazt um skrásetningu myndanna. Sömuleiðis hefur þjóðminjavörður með aðstoð ríkissútvarpsins látið taka raddir manna á hljómplötur, sem eru geymdar í þjóðminjasafninu. Af þessu er ljóst, að unnið er að háðum þessum verkefnum af aðilum, sem óhætt er að treysta. Eins og sakir standa, ber því enga

nauðsyn til að tengja þessi verkefni við skrásetninguna, sem verður ein sér ærið verkefni. En mörg járn í eldi verða oft til þess, að eitt þeirra eða fleiri brenna, og er þá verr farið. Auk þess er síðar meir, þegar nokkur reynsla er fengin, auðgert að fjölga verkefnum skrásetjara, ef það þykir þá æskilegt.

Loks vil ég geta þess, að hugmyndin um að spjaldskrá allra Íslendinga er ekki ný. Bjarni Jónsson frá Vogu hreyfði þessu fyrstur manna, svo að ég heyrði. Síðan hefur þetta borið á góma öðru hverju og nú síðast á yfirstandandi Alþingi við 2. umræðu fjárlaganna, er 1. landsk. þm. flutti breytingartillögu við fjárlagafrv. um að verja 150 þús. kr. árið 1956 til að koma á fót mannfraeðideild, er annaðist skrásetningu Íslendinga o. fl. Ég greiddi atkvæði gegn þessari tillögu ásamt meiri hl. þingmanna. Þetta mál er þannig vaxið, að nauðsynlegt er að taka það ákveðnum tókum og setja um það strax í upphafi ýtarleg lagafyrirmæli, ef æskilegur árangur á að nást. Í öðru lagi eru meiri líkur til, að vel hæfur skrásetjari fáist ef starfið er ákveðið með lögum, í stað þess að hann verði undir högg að sækja með laun sín, þ. e. undir fjárveitingu á fjárlögum hverju sinni. Af þessum ástæðum taldi ég málið allt of lítið undirbúið og fjárveitingu í þessu skyni því ótímabæra eins og sakir stæðu. En vaxandi skilningur margra manna á gildi þjóðlegra verðmæta fyrir þjóð vora gefur tilefni til að álykta, að nú sé vakinn sá áhugi, sem beðið hefur verið eftir til að koma þessu máli í örugga höfn. Ég hef því ráðizt í að færa þessa hugmynd í þann lagastakk, er hér liggur fyrir, samkvæmt því, er ég tel að öllu athuguðu bezt henta aðstæðum.